


*Unnið fyrir Sunnlenska Orku*


*Janúar 2001*



# Vegur og borun tilraunaholu í Grændal, Ölfusi

*Áhrif á útivist og ferðapjónustu*

Símakönnun, gestakönnun  
og athugun meðal ferðapjónustuaðila



**RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF**  
FERÐAPJÓNUSTUNNAR

## Samantekt

---

Þessi samantekt byggir á niðurstöðum úr símakönnun, gestakönnun í Hveragerði og rannsóknum meðal ferðaþjónustu-og útvistaraðila, sem fram fóru í október til desember 2000 (sjá bls. 4) auk niðurstaðna úr fyrri rannsóknum meðal ferðamanna í Hveragerði og viðar. Ekki þótti raunhæft að ráðast í vettvangsrannsóknir meðal erlendra ferðamanna í Hveragerði eða Ölfusi að svo áliðnu ári sem hefði þó verið mjög æskilegt að framkvæma.

Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum í símakönnun hafa um 1/6 Íslendinga á aldrinum 18-75 ára einhvern tíma komið í Grændal og talsvert fleiri eða um fjórðungur hafa komið í Reykjadal. Jafnframt kvádust um 1/20 aðspurðra hafa komið í Grændal á síðastliðnum 2 árum, sem má umreikna í um 9 þúsund manns. Hlutfall þeirra sem komið höfðu um dalina var talsvert hærra meðal innlendra ferðamanna í Hveragerði, en símakönnunin verður að teljast mun marktækari hvað þetta varðar.

Grændalur er hluti af Hengilssvæðinu sem nýtur vaxandi aðsóknar sem útvistar-og göngusvæði ekki síst með tilkomu göngustíga og merktra gönguleiða um svæðid. Reykjadalur tengist því gönguneti og Grændalur óbeint. Því þótti eðlilegt að reyna að fá mynd af umferð ferðamanna um Hengilssvæðið og nýtingu fólks á því til viðmiðunar við nýtingu á Reykjadal, Grændal og Sauðárdal, með sérstaka áherslu á Grændal.<sup>1</sup>

Um 3/10 svarenda höfðu farið um Hengilssvæðið í öðrum tilgangi en gegnumakstri, eða nær 60 þúsund Íslendingar 18-75 ára og ýmsir eru þar tíðir gestir. Verulegur munur kom í ljós þó hann komi e.t.v. ekki á óvart. Pannig er nýting Hengilssvæðisins mun fjölbreyttari en dalanna, þar sem gönguferðir eru nær langmest stundaðar. Nokkuð er þó um skipulagðar hestaferðir upp í Reykjadal og aðra umferð hestamanna auk ferða til að komast þar í hverabað (fer oft saman). Slíku er ekki til að dreifa í Grændal sem er fyrst og síðast dalur göngumanna. Fremur afmarkaður hópur útvistarfólks virðist þó fara um dalina til að stunda skotveiði eða vélsleðaakstur á vetrum. Á Hengilssvæðinu er skíðaiðkun hins vegar algeng og talsvert er einnig um jeppa-og snjósleðaferðir, bæði skipulagðar og einstaklingsbundnar þó gönguferðir séu þar jafnframt algengastar. Fjórar ferðaskrifstofur, allar í minni kantinum, kvádust hafa farið með ferðamenn um dalina s.l. 12 mánuði, samtals með um 100 manns. Auk þess telur Björn Pálsson, sagnfræðingur, sig hafa farið með um 200 manns í skipulögðum gönguferðum um Grændal árið 2000. Þá nýta heilsustofnanir í Hveragerði sér dalina nokkuð, þ.á.m. Grændal, vistmönnum til útvistar og heilsueflingar. Flestir fara þó um dalina á eigin vegum.

Umtalsverður munur var á viðhorfum forsvarsmanna ferðaskrifstofa, útvistarfélagu og heimamanna annars vegar, og innlendra gesta í Hveragerði hins vegar, til fyrirhugaðra framkvæmda í Grændal. Par togast á þau sjónarmið að Grændalur eigi að vera ósnortinn af öllum/flestum mannanna verkum eða gerður aðgengilegur fleira fólk með vegalagningu, s.s. fötluðum og eldri borgurum, til að sem flestir getið notið náttúru hans. Margir ferðaþjónustuaðilar töldu að Grændalur væri útvistarvæði framtíðarinnar vegna lítillar fjarlægðar frá Reykjavík. Verulegur meirihluti innlendu gestanna í Hveragerði, einkum

<sup>1</sup>. Sauðá rennur um dalinn austan Grændals. Í þessari greinargerð mun hann því nefndur Sauðárdalur, þó ekki beri hann nafn í daglegu tali.

þeir sem ekki höfðu komið í Grændal, voru hins vegar sammála þeirri fullyrðingu að vegur inn eftir Grændal væri æskilegur þar sem hann gerði fleira fólk í mögulegt að fara um hann. Um 2/5 ferðaþjónustuaðila voru sama sinnis. Á sama tíma var meirihluti þeirra gesta sem afstöðu tóku, einkum þeir sem höfðu komið í Grændal, þeirrar skoðunar að dalurinn ætti að vera útvistar-og göngusvæði án mannvirkja. Af þessu má mögulega draga þá ályktun að sumir telji veg og borholu ekki til mannvirkja í sama skilningi og t.d. húsbyggingar. Mikill meirihluti ferðaþjónustuaðila töldu að dalurinn ætti að vera án mannvirkja.

Um helmingur gesta taldi að leggja þyrfti nýja vegi og fjölgært merktum gönguleiðum um dalina ofan Hveragerðis til að þeir kæmu þangað oftari. Mikill meirihluti ferðaþjónstuðila taldi nauðsynlegt að gefin væru út betri gönguleiðakort af svæðinu en tæplega helmingur taldi þörf á fjölgært merktum gönguleiðum, bæta reiðleiðir og leggja nýja vegi til að ferðamenn kæmu þangað meira.

Hestaumferð um Reykjadal hefur verið vaxandi á síðustu árum án þess að reiðvegir liggi þar um. Þetta hefur valdið umtalsverðum spjöllum á dalnum, enda styðja allir heimamenn endurbætur í þeim efnum. Að sumra álti gæti vegur um Grændal leyst þetta vandamál og gæti þá einnig nýst sem reiðvegur. Á það ber þá að líta að hestamenn sækjast einnig í að komast í hverabað í Reykjadal sem ekki er til staðar í Grændal. Ennfremur verður þá að teljast nauðsynlegt að reiðleiðin nái ekki einungis að fyrirhugaðri borholu heldur alla leið að línuvegi á Ölkelduhálsi.

Flestir sem þátt tóku í áðurnefndum rannsóknum eru sammála um að dalirnir, ekki síst Grændalur, eigi mikla möguleika á að þróast sem útvistarsvæði sökum fjölbreytilegrar náttúru, jarðmyndana og jarðhita. Í stefnumótun sem unnin var fyrir Hveragerðisbæ árið 1999 og nær til ársins 2003 er lagt til að dalirnir ofan Hveragerðis verði í auknu mæli markaðssettir til gönguferða og útvistar.<sup>2</sup> Í skýrslunni er jafnframt tekið fram að fjölbreytt nýting jarðgufu, þ.á.m. gufuflsvirkjunar við Grændal geti orðið ein af helstu undirstöðum þróunar ferðaþjónustu í Hveragerði.<sup>3</sup> Ýmis dæmi má nefna um ágæta sambúð slíkra virkjana við ferðaþjónustu, s.s. í Svartsengi, á Nesjavöllum og við Kröflu sem eiga það þó einnig sammerkt að vera fjarri íbúðabyggð - öfugt við hugsanlega gufuflsvirkjun við Grændal. Viðhorf ferðamanna til nýtingar gufufls virðist jafnframt mun jákvæðara en til stórfelldrar virkjunar vatnsafls. Ef ekki verður af framkvæmdum er æskilegt að ráðast í úrbætur á þessu svíði markaðssetningar svæðisins og miða við að gönguferðir hefjist í Ölfusdal. Ef af framkvæmdum verður má hins vegar hugsa sér að gönguferðir hefjist við borholuna og að gönguleiðir verði merktar um innsta hluta Grændals, yfir í Reykjadal og tengist þar með gönguleiðaneti Hengilssvæðisins og að verði stikaðar gönguleiðir upp og austur af dalnum.

Ef af framkvæmdum við veg og borholu í Grændal verður er mikilvægt að lágmarka það tjón á náttúru sem af því hlýst og stuðla að því að fjölbeytileg útvist nái að dafna þar eftir sem áður, s.s. gönguferðir og annars konar útvist.

<sup>2</sup>. Heimild: „Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Hveragerði 1999-2003, ásamt stöðu og framtíðarsýn í atvinnumálum bæjarins“, júlí 1999:74

<sup>3</sup>. Heimild: „Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Hveragerði 1999-2003, ásamt stöðu og framtíðarsýn í atvinnumálum bæjarins“ júlí 1999:105-108,

## 1.0 Inngangur

---

### 1.1 Markmið

Þessi greinargerð er liður í mati á umhverfisáhrifum af lagningu vegar og borun rannsóknarholu í Grændal í Ölfusi í dalnum og nágrenni hans.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um ferðamenn á Hengilssvæðinu og þaðan af síður í syðstu dölum þess, s.s. Reykjadal eða Grændal, upp af Hveragerði. Þá var ekkert vitað um afstöðu ferðaþjónustunnar eða gesta til fyrirhugaðra framkvæmda í Grændal. Því var ákveðið, í október s.l., að Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar framkvæmdu þrenns konar rannsóknir til að auðvelda mat á áhrifum vegar og borholu í Grændal á útivist og ferðaþjónustu.<sup>4</sup>

Þær rannsóknir voru sem hér greinir:

- Símakönnun meðal landsmanna, 18-75 ára. (*viðauki I*).
- Viðhorfskönnun meðal innlendra ferðamanna í Hveragerði (*viðauki II*).
- Athugun meðal forsvarsmanna ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og útivistarfélaga á SV-horninu, auk ferðaþjónustuaðila í heimabyggð, þ.e í Hveragerði og Ölfusi. (*viðauki III-IV*).

Auk þess verður í endanlegrí greinargerð stuðst við fyrri rannsóknir sem gerðar voru á ferðamönum í Hveragerði 1997-98 og stefnumótun í ferðamálum fyrir Hveragerði er út kom árið 1999.

### 1.2 Framkvæmd

#### Símakönnun

Könnunin fór fram á tímabilinu 23. október - 10. nóvember. Úrtakið var 1.100 manns, 18-75 ára, slembiúrtak af landinu öllu. Fengust 800 nothæf svör og var svarhlutfallið því 73%. Þar var fyrst spurt hvort viðkomandi hefðu *einhvern tíma* komið á Hengilssvæðið í öðrum tilgangi en gegnumakstri, þ.e. til að „nýta sér” landsvæðið á annan hátt til afþreyingar eða útivistar. Síðan var spurt hvort viðmælendur hefðu komið þangað s.l. 12 mánuði, hve oft og í hvaða tilgangi. Þá var spurt á sambærilegan hátt um heimsóknir svarenda í Reykjadal, Grændal og Sauðárdal (tiðni og tilgang). Ennfremur var sérstaklega spurt um hve oft á s.l. 2 árum viðkomandi hefðu komið í Grændal.

---

<sup>4</sup>. Sökum þess að rannsóknir höfust að áliðnu ári var ekki forsenda til að gera ítarlega úttekt á gestum í nágrenni Grændals (Hveragerði og Ölfusi), innlendum sem erlendum, en þess í stað ákveðið að taka vísbindingarúrtak meðal innlendra gesta.

## Gestir i Hveragerði

Könnununin meðal gesta fór fram í Eden í Hveragerði, á tímabilinu 4. nóvember til 3. desember 2000, einkum um helgar. Tveir spyrlar sáu um framkvæmd hennar. Markmiðið var að ná 300 svörum, sem varð raunin. Þær var spurt um tíðni heimsókna í Hveragerði og afstöðu til áfórmáðs vegar og tilraunaborholu í Grændal. Áður en svarað var urðu svarendur að skoða mynd af Grændal, sem vegur og borhola voru teiknuð inn á, og lesa skýringartexta um umfang framkvæmdanna. 392 voru beðnir um að taka þátt í könnuninn, svarhlutfall var því 77%, sem er vel viðunandi.

## Ferðapjónustuaðilar og útvistarfélag

Athugunin meðal stjórnenda ferðaskrifstofa/ferðaskipuleggjenda og útvistarfélagar var send viðkomandi í pósti eftir samþykki í síma. Jafnframt var viðtalstími ákveðinn skömmu síðar til að tryggja heimtu á svörum. Svör meðal rekstraraðila í Hveragerði og Ölfusi voru að mestu innheimt með símtali, eftir að könnunin hafði verið send þeim. Sú könnun var að mestu samhljóða könnun meðal ferðaskrifstofa og útvistarfélagar. Þessum rannsóknunum fylgdi sama kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og í könnun meðal gesta. Úr þessum athugunum fengust 23 svör; 10 meðal ferðaskrifstofa, 10 frá stjórnendum ferðaskrifstofa og þrjú frá útvistarfélgum.

## 1.3 Úrvinnsla

Í símakönnuninni og í viðhorfsrannsókn meðal gesta eru viðmælendur fyrst skoðaðir sem heild. Svörin eru síðan krosskeyrð við kyn, aldur, búsetu og atvinnu svarenda, eftir því sem við á.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk eða skekkjumörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirlæra niðurstöður úrtakskönnunar á heildina, í tilviki símakönnunar alla Íslendinga á aldrinum 18-75 ára, en samkvæmt þjóðskrá telja þeir nú um 190 þúsund. Í töflu 1 má finna fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og svörun góð. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari skýrslu.

**Tafla 1****Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %**

Fjöldi svara	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
300	2,5	3,4	4,0	4,5	4,9	5,2	5,5	5,7
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
500	1,9	2,6	3,1	3,5	3,9	4,1	4,3	4,4
700	1,7	2,3	2,7	3,1	3,4	3,5	3,8	4,0
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1

Í símakönnuninni voru góð og gild svör frá 800 þátttakendum. Sé miðað við að allir sem tóku þátt hafi svarað spurningunum, eins og var í þessari könnun, þá verður frávikið frá gefnu hlutfalli + -1,7%. Ef svörun við spurningu fellur niður í 80% verður frávikið hins vegar + -2,9% (á ekki við hér). Ef eingöngu eru skoðuð svör frá þeim 350 svarendum í könnuninni sem búa utan SV-hornsins er frávikið + - 2,3%. Svipað er frávikið meðal 300 svarenda í gestakönnun. Þessa tölfraði er rétt að hafa í huga þegar niðurstöður úr símakönnun og gestakönnun eru skoðaðar.

Í athugunum meðal ferðaskrifstofa og ferðaþjónustuaðila á þessi aðferðafræði ekki við sökum þess hve fáir svarendur eru, enda sjónum beint að fámennum markhópum. Fjallað er um þá rannsókn í kafla 4.0 og hlutfallsskipting í prósentum sýnd. Öll skrifleg (opin) svör í þessum athugunum fylgja með í skýrslunni eða í viðauka I.

## 2.0 Símakönnun


### 2.1 Grunnupplýsingar

Nokkur meirihluti svarenda í símakönnuninni voru karlar, rúmlega 54%.

Meðalaldur svarenda var 42,1 ár og skipting þeirra eftir aldurshópum sem sýnd er í Línuriti 1.<sup>5</sup>

Línurit 1

Aldurssamsetning




Um 58% þáttakenda bjuggu á SV-horni landsins, á Reykjanesi eða í Reykjavík, en 42% á landsbyggðinni.<sup>6</sup>

Stærsti starfshópurinn voru verslunar-og skrifstofufólk, síðan verkafólk og kennrarar/heilbrigðisstéttir. Nemendur og iðnaðarmenn voru um tíundi hluti svarenda.<sup>7</sup>

Súlurit 1

Atvinnna




<sup>5</sup>. Þessi aldursskipting er í góðu samræmi við aldursskiptingu þjóðarinnar 1. des. 2000 (Hagstofa Íslands).

<sup>6</sup>. Samkvæmt Hagstofunni bjuggu 68% Íslendinga 18-75 ára á SV-horninu en 32% á landsbyggðinni, 1. des. 2000.

## 2.2 Ferðamennska og útvist á Hengilssvæðinu

### Hve oft komið

Spurt var hvort viðkomandi hefði einhvern tíma farið um Hengilssvæðið í öðrum tilgangi en í gegnumakstri, þ.e. til að njóta eða nýta svæðið sér til frekari upplifunar eða afþreyingar. Tæplega 30% svarenda höfu gert svo. Helmingur þeirra hafði komið þangað í 1-3 skipti og helmingur oftar.

**Skifurit 1****Farið um Hengilssvæðið  
í öðrum tilgangi en gegnumakstri**

Samkvæmt þessu má áætla að um 58 þúsund Íslendingar 18-75 ára hafi farið um Hengilssvæðið í öðrum erindagjörðum en gegnumakstri.<sup>7</sup>

Þeir sem töldu sig hafa komið í 1 til 20 skipti til að stunda afþreyingu á Hengilssvæðinu höfðu að jafnaði komið þangað í 4,5 skipti. Um 1/10 hluti þeirra (3% af heildinni) höfðu hins vegar komið þangað enn oftar, allt að eitt hundrað ferðir. Séu þeir meðtaldir er meðaltalið 8,6 ferðir.

Þegar niðurstöður úr spurningunni eru rýndar eftir kyni, aldurshópum og búsetu kemur í ljós að marktækta fleiri karlar en konur höfðu stundað útvist eða afþreyingu á Hengilssvæðinu og jafnframt oftar. Miðað við þrískiptingu aldurshópa var hins vegar ekki marktækur munur á komum þeirra á Hengilssvæðið. Vel marktækur munur var hins vegar á komum gesta eftir því hvort þeir bjuggu á SV-horninu eða á landsbyggðinni. Þannig má áætla að um 3/4 hluti Íslendinga 18-75 ára sem hafa komið þangað til annars en gegnumaksturs séu búsettir í Reykjavík eða á Reykjanesi.

<sup>7</sup>. Skil milli tiltekinna starfsstéttu eru nokkuð fljótandi.

<sup>8</sup>. Hér verið leiðrétt samkvæmt búsetutölum Hagstofunnar, þ.e efstir SV-horni og landsbyggð. Hér við bætast síðan 0-17 ára börn/unglingar og borgarar 76 ára og eldri sem eru um þriðjungur þjóðarinnar, 93 þúsund manns.

**Tafla 2**

**Farið um Hengilssvæðið  
í öðrum tilgangi en gegnumakstri<sup>9</sup>**

% %	Kyn		Aldurshópar			Búseta	
	Karl	Kona	18-35	36-55	>55	SV	LB
<b>1-3 skipti</b>	16	12	16	14	13	15	14
<b>4-10 skipti</b>	9	6	7	10	6	11	5
<b>Oftar</b>	9	4	5	8	8	8	5
<b>ALLS</b>	<b>34</b>	<b>24</b>	<b>28</b>	<b>32</b>	<b>27</b>	<b>34</b>	<b>24</b>

Um og yfir 1/3 hluti svarenda í Reykjavík, á Reykjanesi og á Suðurlandi höfðu þannig farið um Hengilssvæðið í öðrum tilgangi en gegnumakstri, 1/4 svarenda á Vestfjörðum, 1/5 á Norðurlandi eystra en einungis um 1/6 hluti íbúa á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og á Austurlandi.

Um 2/5 hlutar iðnaðarmanna, stjórnenda og nemenda höfðu komið á Hengilssvæðið með öðru markmiði en að aka í gegn, um 1/3 háskólasérfræðinga og bænda, 1/4 hluti heilbrigðisstéttu/kennara, verslunar-/skrifstofufólks og lífeyrisþega, 1/5 hluti verkafólks en einungis 1/9 hluti húsmæðra. Háskólasérfræðingar og iðnaðarmenn höfðu farið oftar um svæðið en aðrar starfsstéttir.

### Hve oft komið síðustu 12 mánuði

Um 12% aðspurðra höfðu farið um Hengilssvæðið á síðastliðnu ári í öðrum tilgangi en gegnumakstri, að meðaltali í 2,4 skipti. Jafngildir það því að um 25 þúsund Íslendingar hafið farið þar um í nær 60 þúsund ferðum liðið ár.

Sem fyrr fóru karlar meira um svæðið en konur og tvöfalt hærra hutfall íbúa af SV-horninu en af landsbyggðinni.

**Tafla 3**

**Farið um Hengilssvæðið síðustu 12 mánuði  
í öðrum tilgangi en gegnumakstri**

% %	Kyn		Aldurshópar			Búseta	
	Karl	Kona	18-35	36-55	>55	SV	LB
<b>1-2 skipti</b>	10	8	7	10	8	10	6
<b>Oftar</b>	4	3	5	5	2	6	2
<b>ALLS</b>	<b>14</b>	<b>11</b>	<b>12</b>	<b>15</b>	<b>10</b>	<b>16</b>	<b>8</b>


<sup>9</sup>. Í undirdálkum fyrir búsetu stendur SV fyrir Suðvesturhornið og LB fyrir landsbyggðina.

Rúmlega 1/4 háskolasérfræðinga og stjórnenda sem þátt tóku í könnuninni fóru um Hengilssvæðið síðustu 12 mánuði í öðrum tilgangi en gegnumakstri, rúmlega 1/5 hluti iðnaðarmanna, 1/7 heildbrigðisstéttu/kennara og nemenda en mun lægra hlutfall í öðrum starfsstéttum.

### Tilgangur með síðustu ferð

Fullyrða má að gönguferðir séu algengasti útvistarmáti Íslendinga á Hengilssvæðinu. Yfir helmingur þeirra sem svöruðu spurningunni (um 27% svarenda) iðkuðu göngu í síðustu ferð sinni þangað en nær 1/5 hluti þeirra stigu á skíði og nokkur fjöldi stundaði skotveiðar, útreiðar, snjósleðaferðir, jeppaferðir eða fóru í hverabað. Tæplega fjórðungur áttu stutt stopp á Hengilssvæðinu sem hluta af lengri bílferð.

Súlurit 2

*Tilgangur með síðustu ferð á Hengilssvæðið*

Ýmsir nefndu annan tilgang með síðustu ferð á svæðið, s.s. skátaferðir, jarðfræðiferðir, smalamennsku eða vinnuferðir.


Nær 2/3 kvenna fóru í gönguferðir í síðustu ferð sinni um Hengilssvæðið en um helmingur karla og 1/5 kvenna fóru á skíði en rúmlega 1/7 hluti karla. Þeir höfðu hins vegar vinninginn á öðrum sviðum og stunduðu ýmsa afþreyingu margfalt meira en konur, s.s. snjósleðaferðir, útreiðar og skotveiði.

## 2.3 Ferðamennska og útvist í dölunum ofan Hveragerðis

### Hve oft komið

Rúmlega fjórðungur þáttakenda í símakönnun kváðust einhvern tíma hafa komið í Reykjadal, 1/6 í Grændal og 1/7 í Sauðárdal.<sup>10</sup>

Þetta jafngildir því að um 53 þúsund Íslendingar, 18-75 ára hafi einhvern tíma komið í Reykjadal, 30 þúsund í Grændal og 26 þúsund í Sauðárdal.

**Tafla 3****Farið um dalina ofan Hveragerðis**

Karlar höfðu farið um dalina mun meira en konur, einkum um Grændal. Hins vegar var hlutfallslega afar líttill munur á gestakomum þangað eftir aldri svarenda. Íbúar á SV-horninu komu þangað meira en landsbyggðarfólk en þó var munurinn heldur minni en meðal þeirra sem höfðu eitthvað farið um Hengilssvæðið.

**Tafla 4****Farið um dalina ofan Hveragerðis**

% Region	Kyn		Aldurshópar			Búseta	
	Karl	Kona	18-35	36-55	>55	SV	LB
Reykjadalur	31	25	29	27	28	32	23
Grændalur	20	11	15	17	15	17	14
Sauðárdalur	18	11	13	15	15	16	12


### Komið í Grændal síðustu 2 ár

39 svarendur, eða tæplega 5%, kváðust hafa komið í Grændal á s.l. tveimur árum. Jafngildir það því að um 9 þúsund manns, 18-75 ára, hafi komið þar árin 1999 og 2000. Af þeim bjuggu um helmingur á SV-horninu og nær þriðjungur á Suðurlandi. 2/3 þeirra höfðu komið í 1-2 skipti á s.l. tveimur árum en aðrir oftar, allt að 10 skipti. Meðaltalið var 2,2 skipti.

Um 2/3 þeirra svarenda sem komið höfðu í Grændal á umliðnum 2 árum voru karlar og 9/10 hluti þessara svarenda voru yngri en 55 ára.

### Tilgangur með síðustu ferð

Að lokum var spurt um tilgang síðustu ferðar viðkomandi um dalina ofan Hveragerðis. Þeiri spurningu svöruðu riflega 1/5 þátttakenda. Yfirgnæfandi meirihluti komu þangað til að ganga um svæðið.

**Súlurit 4****Tilgangur síðustu ferðar um dalina ofan Hveragerðis**

Sumir nefndu aðrar ástæður fyrir síðustu komu sinni á svæðið, s.s. útilegur, berjaferð, skátaferð, vinnuferðir, skólaferðalag og myndatöku.

## 3.0 Gestakönnun

300 gestir í Hveragerði tóku þátt í könnuninni eins og áður greinir.


### 3.1 Grunnupplýsingar

Nær 2/3 svarenda í gestakönnuninni voru karlar, um 65%.

Meðalaldur svarenda var 43,5 ár og skipting þeirra eftir aldurshópum sem sýnd er í Línuriti 1. <sup>11</sup>

Línurit 2

Aldurssamsetning gesta




Um 76% þátttakenda bjuggu á SV-horni landsins, á Reykjanesi eða í Reykjavík, en 24% á landsbyggðinni, flestir á Suðurlandi. <sup>12</sup>

Stærsti starfshópurinn voru verslunar-og skrifstofufólk en síðan iðnaðarmenn og stjórnendur.

Súlurit 5

Atvinna gesta



<sup>11</sup>. Þessi aldursskipting er, líkt og í símakönnuninni, í allgóðu samræmi við aldursskiptingu þjóðarinnar.

<sup>12</sup>. Hér snýst því dæmið við miðað við símakönnunina, hlutfall landsbyggðarfólks er nokkru undir því sem raunin er skv. Hagstofunni (32%).

Rúmlega helmingur svarenda (52%) hafði lokið meira en 4 ára skólagöngu eftir grunnskóla en tæplega helmingur hafði skemmri skólagöngu að baki.

### 3.2 Tíðni heimsókna í Hveragerði

Einungis nokkrir svarendur kváðust hafa komið í Hveragerði oftar en 30 skipti síðastliðið ár. Var það að mestu fólk sem vann að hluta til í Hveragerði eða sótti þangað þjónustu reglulega, s.s. verslun. Burtséð frá þeim, kváðust aðrir gestir, þeir sem komu í 1-30 skipti, hafa heimsótt bæinn að meðaltali 8,7 sinnum á liðnu ári.


Lítill munur var á heimsóknartíðni eftir kynjum eða menntun. Þeir sem voru eldri en 55 ára höfðu hins vegar komið í um 11 skipti til Hverasgerðis s.l. ár en 18-35 ára gestir að jafnaði 7,5 sinnum. Er það vel marktækur munur.

### 3.3 Ferðamennska og útvist á Hengilssvæðinu

#### Hve oft komið

Eins og í símakönnun var spurt hvort viðkomandi hefði einhvern tíma farið um Hengilssvæðið í öðrum tilgangi en gegnumakstri, þ.e. til að njóta eða nýta svæðið sér til frekari upplifunar eða afþreyingar. Um 62% svarenda höfu gert svo að meðaltali 5,1 skipti (2,9 skipti ef einungus þeir sem fóru 1-12 skipti eru teknir með - einungis 7 oftar). Tæplega helmingur þeirra hafði komið þangað í 1-3 skipti og helmingur oftar.

Skífurit 2

Farið um Hengilssvæðið  
í öðrum tilgangi en gegnumakstri

Þegar niðurstöður úr spurningunni eru rýndar eftir kyni og aldri kemur í ljós að talsvert fleiri karlar en konur höfðu stundað útvist eða afþreyingu á Hengilssvæðinu. Minni munur var hins vegar á komum fólks þangað eftir aldurshópum.

**Tafla 5**

**Farið um Hengilssvæðið  
í öðrum tilgangi en gegnumaksri**

% Kyn	Kyn			Aldurshópar		
	Karl	Kona	18-35	36-55	>55	
<b>1-3 skipti</b>	31	23	31	26	31	
<b>4-10 skipti</b>	18	16	14	19	17	
<b>Oftar</b>	16	18	16	19	10	
<b>ALLS</b>	<b>65</b>	<b>57</b>	<b>61</b>	<b>64</b>	<b>68</b>	

### Hve oft komið síðustu 12 mánuði


Um 44% svarenda höfðu farið um Hengilssvæðið síðastliðna 12 mánuði í öðrum tilgangi en gegnumakstri. Rúmlega helmingur þeirra hafði komið þangað í 1-2 skipti en 1/6 oftar en fimm sinnum.

### Tilgangur með síðustu ferð

Langflestir fóru í gönguferðir eða áðu á Hengilssvæðinu í skamma stund, sem hluta af bíltúr, í síðustu ferð sinni þangað. Allmargir höfðu einnig farið á skíði og í jeppa –eða snjósleðaferð.

**Súlurit 6**

**Tilgangur með í síðustu ferð á Hengilssvæðið**



Sem fyrr fóru karlar meira um Hengilssvæðið en konur og tvöfalt hærra hutfall íbúa af SV-horninu en af landsbyggðinni.

### 3.4 Ferðamennska og útvist í dölunum ofan Hveragerðis

#### Komið í dalina


Nær helmingur þátttakenda gestakönnuninn (48%) kváðust einhvern tíma hafa komið í Reykjadal, 1/4 í Grændal og 1/6 í Sauðárdal.

73 svarendur, eða um 24%, kváðust hafa komið í Grændal á s.l. tveimur árum að jafnaði í rúmlega tvö skipti.

#### Tilgangur með síðustu ferð

Mikill meirihluti komu til að ganga um svæðið í síðustu ferð sinni um dalina ofan Hveragerðis, en síðan fóru gestir þar um á jeppum (að vetrarlagi), í útreiðar og á snjósleðum.


Súlurit 7

*Tilgangur með síðustu ferð um dalina ofan Hveragerðis*

### 3.5 Eftirsóknarvert við dalina

Um 70% svarenda nefndu hvað þeim þætti eftirsóknarverðast við dalina ofan við Hveragerði. Nær helmingur þeirra nefndu fallegt landslag og náttúru, 1/4 fjölbreytilega hveri og jarðhita og 1/5 hluta var efst í huga að dalirnir væru ósnortnir.

Súlurit 8

*Eftirsóknarverðast við dalina ofan við Hveragerði*

2-4 nefndu eftirtalið sem eftirsóknarvert við dalina:

Nýting náttúruauðlinda, gróðurfar, virkjunarmöguleikar, heitt bað í Reykjadal, stutt frá byggð, gufan, Reykjadalur, fjöllin, skíðaiðkun, fjölbreytileiki og hreint loft.

Einnig var eftirtalið nefnt:

Huga að landnýtingu án þess að að raska ímynd, hitaveita, hjólreiðar, Kambarnir, skipulagðar skoðunarferðir, jeppasport, betri aðkoma, sundlaugargardur, stutt frá Reykjavík og „koma þarf þessari náttúruperlu á kort fyrir almenning”.

### 3.6 Skoðun á fullyrðingum

Um 5/6 af þeim sem afstöðu tóku voru sammála því að rétt væri að nýta jarðgufu í Grændal til að efla atvinnustarfsemi, m.a. í Ölfusi og Hveragerði og 4/5 hlutar svarenda voru sammála þeirri fullyrðingu að vegur inn eftir Grændal væri æskilegur þar sem hann gerði fleirum mögulegt að njóta dalsins. Það kann því að skjóta skökku við að tæplega 3/5 þeirra sem afstöðu tóku voru sammála því að Grændalur ætti að vera útvistar-og göngusvæði án mannvirkja. Má setja fram þá tilgátu að sumir skynji það svo að vegir eða borholur séu ekki mannvirkni í sama skilningi og t.d. húsbyggingar.

1/7 til 1/3 hluti svarenda voru hlutlausir í afstöðu sinni til einstakra fullyrðinga, flestir gagnvart fullyrðingunni um að Grændalur ætti að vera útvistar og göngusvæði án mannvirkja. Í næstu töflu eru þeir taldir með.

Umtalsverður munur var á afstöðu svarenda eftir því hvort þeir höfðu komið Grændal eða ekki. Þannig voru þeir sem ekki höfðu komið þangað hlynntari nýtingu jarðgufunnar, mannvirkjum og vegagerð í Grændal en þeir sem farið höfðu um dalinn.

**Tafla 6**


**Skoðun á fullyrðingum**

	Komið í Grændal			Ekki í Grændal		
	Sam-mála	Hlut-laus	Ósam-mála	Sam-mála	Hlut-laus	Ósam-mála
Það er rétt að nýta jarðgufu í Grændal til að efla atvinnustarfsemi, m.a. í Ölfusi og Hveragerði	49	20	31	72	21	7
Grændalur á að vera útvistar-og göngusvæði án mannvirkja.	58	25	17	32	38	30
Vegur inn eftir Grændal er æskilegur þar sem hann gerir fleirum mögulegt að njóta dalsins	49	13	38	76	14	10

### 3.7 Aðgerðir til að auka gestakomur

Um 90% svarenda tóku afstöðu til þessarar spurningar. Af þeim töldu um og yfir helmingur að leggja þyrfti nýja vegi eða fjlöga merktum gönguleiðum til að þeir færu oftar um dalina. Um 3/10 vildu að gönguleiðakort á svæðinu væru endurbætt og 1/5 að tjaldstæði væru bætt og skipulögð afþreying aukin.

Þeir sem höfðu komið í Grændal lögðu mesta áherslu á að fjlöga merktum gönguleiðum en þeir sem ekki höfðu komið þangað voru mun hlynntari nýjum vegum á svæðinu. Er þessi munur vel marktaetur.

**Súlurit 9****Aðgerðir til að gestir fari oftar um dalina**

Ýmsir bentu á önnur atriði sem þyrfti að gera til að auka áhuga á að fara meira um dalina upp af Hveragerði. Sumir töldu að betri kynningu skorti, takmarka þyrfti umferð hrossa, nýta heita vatnið til baða, setja upp fræðsluskilti fyrir ferðamenn o.fl.

### 3.8 Vegur og borhola í Grændal

#### Áhrif á upplifun

Nær 3/5 af þeim sem afstöðu tóku töldu að vegur og borhola í Grændal hefðu áhrif á upplifun þeirra af svæðinu en rúmlega 2/5 töldu svo ekki vera. Nær þriðjungur svarenda tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Þeir sem komið höfðu í Grændal töldu framkvæmdir fremur hafa áhrif á sig en þeir sem ekki höfðu verið þar.

Um þriðjungur svarenda nefndu hvaða áhrif þeir teldu að vegur og borhola hefðu á upplifun þeirra. Rúmlega helmingur þeirra nefndu ýmis neikvæð áhrif og töldu að framkvæmdirnar hefðu almennt slæm áhrif, að dalurinn yrði ekki lengur ósnortinn og að hann glataði fegurð sinni. Tæplega helmingur nefndi hins vegar að framkvæmdirnar væru jákvæðar og til þess fallnar að auka aðgegni að honum og gera hann auðveldari til útivistar.

## Áhrif á tíðni heimsókna

Af þeim sem afstöðu tóku töldu 4/9 hlutar að vegur og borholu í Grændal hefðu þau áhrif að þeir kæmu oftar á svæðið ofan við Hveragerði, 1/6 töldu að þeir kæmu þangað sjaldnar en um 2/5 töldu veg og borholu í Grændal engin áhrif hafa á heimsóknir þeirra á svæðið. Sjötti hluti svarenda tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.


Rúmlega þriðjungur þeirra sem komið höfðu í Grændal töldu að þeir kæmu síður í Grændal ef af framkvæmdum yrði en einungis tiundi hluti þeirra sem ekki höfðu komið þangað.

## 3.9 Framtíðarsýn

Um helmingur aðspurðra nefndu hvaða framtíðarsýn þeir hefðu fyrir svæðið ofan við Hveragerði. Flestir vildu að svæðið væri nýtt sem útvistarsvæði á einn eða annan hátt.

Súlurit 10

Framtíðarsýn fyrir svæðið ofan við Hveragerði



4-5 svarendur nefndu efirtalið:

bora ef vel er um gengið, auka ferðaþjónustu og bæta reiðleiðir.

Miðað við hve margir svarenda studdu jafnframt fullyrðingu um að vegur inn Grændal væri æskilegur liggur beinast við að túlka það sem svo að ýmsir þessara gesta telji að vegur inn Grændal og efling útvistar á í dölunum geti farið saman. Ennfremur skal áréttáð að hér er átt við „svæðið ofan Hveragerðis“ en ekki Grændal einan.

## 4.0 Ferðaþjónustuaðilar og útvistarfélög

Hér á eftir verður kynnt niðurstaða úr könnun sem framkvæmd var meðal 10 framkvæmdastjóra/deildarstjóra innlendra ferðaskrifstofa og 10 ferðaþjónustuaðila í Hveragerði og Ölfusi. Ennfremur tóku forsvarsmenn þriggja útvistarfélagar þátt í könnuninni. Alls er því stuðst við svör 23 aðila. Ef um mikinn mun er að ræða á afstöðu þessara hópa verður frá því greint.

### 4.1 Skipulagðar ferðir

#### Um Hengilssvæðið

Helmingur ferðaskrifstofanna sem þátt tóku í könnuninni skipuleggja einhverjar ferðir um Hengilssvæðið, einkum göngu-, jeppa- eða snjósleðaferðir. Einn nefndi auk þes skipulagðar skíðaferðir og annar hestaferðir. Mest var farið um svæðið með almenna ferðamenn og hvatarferðamenn en heldur minna með ráðstefnugesti.<sup>13</sup> Áætlaður fjöldi gesta sem fóru um Hengilssvæðið á vegum þessara svarenda síðastliðna 12 mánuði voru á bilinu 20 og upp í um 10 þúsund gestir (algengast 4-600 manns).

Algengast er að bjóða gestum upp á almennar skoðunarferðir en síðan gönguferðir og einhverskonar jeppaferðir.

2 af 10 ferðaþjónustuaðilum í Hveragerði og Ölfusi sögðust skipuleggja ferðir á Hengils- svæðið.

#### Um dalina ofan Hveragerðis

Allar ferðaskrifstofur sem kváðust á annað borð hafa skipulagt ferðir um dalina (fjórar þeirra) höfðu allar farið þar um með gönguhópa, alls um 100 manns s.l. 12 mánuði (þrjár tilgreindu fjöldann). Allt eru þetta minni ferðaskrifstofur. Þær höfðu allar farið með gesti í Reykjadal, þrjár stundum og ein oft. Þrjár þeirra fara stundum með gesti í Grændal og ein í Sauðárdal.

Fyrir utan gönguferðirnar töldu forsvarsmenn félaganna þriggja að félagsmenn þeirra færur í Reykjadal, tveir töldu þá gera það oft og einn stundum. Tveir töldu félagsmenn fara um Grændal, annar oft en hinn stundum. Félagsmenn útvistarféлага virðast því fara um dalina í mun fjölpættari tilgangi en hinir almennu hópferðagestir, þ.e. einnig til að stunda jeppa- og snjósleðaferðir, skotveiði og skíði.

<sup>12</sup>. Hvatarferðamenn: oftast starfsmannahópa sem ferðast í boði vinnuveitenda sinna og annarra, oft í leit að nýrri upplifun og ævintýrum.

Allir ferðaþjónustuaðilar í heimabyggð töldu að gestir þeirra færu í einhverju mæli í gönguferð um dalina. Helmingur taldi þá fara í hestaferð og fjórir töldu gesti sína stundum fara í hverabað upp í Reykjadal og einn nefndi að gesti hans færur þar um á skíðum. Enginn kannaðist við að gestir þeirra færur þar í skotveiði, jeppa- eða snjósleðaferð.

Miðað við þetta og niðurstöður úr öðrum athugunum sem hér hafa verið tilundaðar er ljóst að dalirnir ofan við Hveragerði eru fyrst og fremst nýttir sem göngusvæði af öllum þorra fólks sem þangað kemur en auk þess er Reykjadalur nokkuð nýttur til baða og hestaferða. Önnur afþreying virðist þar stunduð af tiltölulega fámennum hópi útvistarfólks.

## 4.2 Eftirsóknarverðast

Nær allir nefndu hvað þeir telja efirsóknarverðast við svæðið ofan Hveragerðis. Þar nefna menn oftast fallega og lítríka náttúru, fjölbreytta útvistar og göngumöguleika, hveravirkni, möguleika til baða og gott útsýni. Jafnframt er það talinn kostur hve stutt svæðið er frá höfuðborginni og nágrenni.

### Efirsóknarverðast við svæðið ofan Hveragerðis – útskýringar

- „*Mini útgáfa*“ sem gæti gefið einhverja mynd af hálandinu okkar.
- *Jarðvarminn og litirnir.*
- *Náttúrufegurð, hverir og útsýni. Nálægðin við Reykjavík.*
- *Hverasvæðið.*
- *Náttúran og friðsæll staður.*
- *Gróðurfar, háhitasvæðið og ósnotin náttúra.*
- *Náttúran og nágrennið við Reykjavík.*
- *Útvist/hverir og lækir til baða sig í. Gönguleiðir og örverurannsóknir.*
- *Ósnortið útvistarsvæði með fjölbreyttri náttúru, t.d. hverum.*
- *Hverasvæði, lítríkir klettar og skriður. Heppilegt/gott landslag fyrir fótgangandi.*
- *Fallegt og friðsælt. Hverir (meiri hveravirkni núna).*
- *Fegurð, litadýr, hitinn og baðlaug.*
- *Litadýr, hverir, útsýni og möguleiki á baði.*
- *Fjölbreytt og heillandi gönguland í hæfilegri fjarlægð frá borginni. Bíður upp á göngur við allra hæfi.*
- *Hverir landslag í skotfæri frá höfuðborgarsvæðinu sem gefur Landmannalaugum ekkert eftir. Framtíðarsvæði til útvistar.*
- *Náttúruskoðun, Hverasvæðin og útsýni frá fjöllunum.*
- *Dæmi um ósnortna náttúru í nálægð höfuðborgarinnar.*
- *Útvist og snerting við nátturu. Hverabað.*
- *Fjölbreytileikinn í landslagi og hverabað.*
- *Margbreytileg náttúra sem auðvelt er að komast að.*

### 4.3 Skoðun á fullyrðingum

Um 3/5 hluti þeirra sem afstöðu tóku voru ósammála því að rétt væri að nýta jarðgufu í Grændal til að efla atvinnustarfsemi, m.a. í Ölfusi og Hveragerði og 5/9 hlutar svarenda voru jafnframt ósammála þeirri fullyrðingu að vegur inn eftir Grændal væri æskilegur þar sem hann geri fleira fólk fleirelegt að njóta dalsins. Þá voru 4/5 sammála því að Grændalur ætti að vera útvistar-og göngusvæði án mannvirkja. Hér kveður því við talsvert annan og umhverfissinnaðri tón en meðal innlendra gesta í Hveragerði (tafla 6).

1/7 til 3/10 hluti svarenda voru hlutlausir í afstöðu sinni til einstakra fullyrðinga, flestir gagnvart fullyrðingunni um að rétt væri að nýta jarðgufu í Grændal til að efla atvinnustarfsemina.

**Tafla 7****Skoðun á fullyrðingum**


	<b>%</b>	<b>Sammála</b>	<b>Hlutlaus</b>	<b>Ósammála</b>
Það er rétt að nýta jarðgufu í Grændal til að efla atvinnustarfsemi, m.a. í Ölfusi og Hveragerði	25	30	45	
Grændalur á að vera útvistar-og göngusvæði án mannvirkja.	67	14	19	
Vegur inn eftir Grændal er æskilegur þar sem hann gerir fleirum mögulegt að njóta dalsins	38	14	47	

Fulltrúar ferðaskrifstofanna voru talsvert hardari í afstöðu sinn gegn nýtingu jarðgufunnar í Grændal og jafnframt ákveðnari stuðningsmenn þess að láta Grændal ósnortinn af mannvirkjum (9/10 af þeim sem afstöðu tóku í báðum tilvikum). Í síðustu fullyrðingunni um veginn í Grændal voru leikar hins vegar jafnir.

### 4.4 Aðgerðir til að auka gestakomur

Spurt var um hvað þyrfi að gera til að viðkomandi ferðaskrifstofur skipuleggðu fleiri ferðir með gesti til að skoða dalina ofan Hveragerðis. Heimamenn voru jafnframt spurðir hvað þyrfi að gera til að þeirra gestir færðu þar meira um. 19 svarendur tóku afstöðu til spurninganna.

Mestur stuðningur var við útgáfu á gönguleiðakortum en síðan við að fjölga merktum gönguleiðum, bæta reiðleiðir og að leggja nýja vegi. Talsverður munur var á afstöðu fulltrúa ferðaskrifstofa og heimamanna til einstakra þátta. Þannig töldu helmingur heimamanna að auka þyrfi gistimöguleikana en enginn hjá ferðaskrifstofum töldu það vera forsendu fleiri ferða á svæðið. Jafnframt var mikill munur á afstöðu þeirra til mikilvægis reiðleiða sem nær allir heimamenn töldu brýnt að laga en einungis einn fulltrúi ferðaskrifstofa. Þá töldu fleiri heimamenn mikilvægara að auka skipulega afþreyingu.

**Súlurit 11****Aðgerðir til að gestir fari meira um dalina****Annað sem gera þarf:**

- Reiðleiðir skemma nú göngustíga. Ekki hafa gönguleiðir allstaðar.
- Golf og ýmis vetrarafþreying.
- Friða svæðið gegn raski, svo sem virkjunum.
- Samníða möguleikann á útvist með mannvirkjum og esflingu atvinnulífs s.s. virkjun. Hver segir að það geti ekki farið saman
- Vera með góða kynningu.

## 4.5 Áhrif vegar og borholu í Grændal

### Áhrif á ferðaþjónusturekstur - heimamenn

Sjö heimamenn töldu að vegur og borhola í Grændal kæmu til með að hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónusturekstur sinn, tveir töldu áhrifin jákvæð og einn að þau yrðu engin.

#### Útskýringar

- Eyðileggur og færir ferðamenn frá. Hávaðamengun.
- Fljótlegra að fara með ferðamenn upp í Grændal og ganga þaðan yfir í Reykjadal. Vegur inn Grændal myndi minnka hestaferðir um Reykjadal.
- Okkar gestir leita að ósnortinni náttúru. Annar markhópur kæmi ef þar væri borhola.
- Vegurinn er lýti.
- Ónæði af borholum
- Fólk kemur til landsins vegna náttúrunnar og kyrrðarinnar. Virkjun í Grændal myndi hrekja mig á aðrar slóðir með tilheyrandi kostnaði.
- Fólk kemst ekki eins mikið í snertingu við náttúruna.

## Áhrif á upplifun

Yfir 4/5 af þeim sem afstöðu töldu að vegur og borhola í Grændal hefðu áhrif á upplifun þeirra af dalnum og svæðinu umhverfis. Þar af töldu allir heimamenn að svo yrði en 2/3 annarra svarenda.

Þeir sem útskýrðu sitt mál töldu flestir að áhrifin yrðu neikvæð sökum þess að náttúra dalsins spilltist með mannvirkjum og vegna hávaða frá borholu. Tveir voru á jákvæðari nótum og töldu að þeir færðu meira um dalinn eftir að vegur kæmi.

## Útskýringar

- *Vil ekki svoleiðis þarna, þ.e. ég vil veg án borholu. Ekki gott fyrir augun og sálina.*
- *Spillir ósnortinni náttíru.*
- *Er að skoða og sýma ósnortna náttíru. Vegur og borhola skemmir þá ímynd. Hreyfa sem minnst við svæðinu.*
- *Viðskiptavinir okkar sækja í ósnortna náttíru.*
- *Fælir ferðamenn frá. Mengun.*
- *Færi oftar um dalinn akandi, hjólandi eða gangandi.*
- *Leita að ósnortinni náttíru.*
- *Hávaði og sjónmengun.*
- *Ónæði*
- *Dalurinn myndi að mínu mati tapa mikilfeng sínum sem ósnert náttúruperla (villt umhverfi).*
- *Góð. Maður kemst meira um. Ef þetta er snyrtilegt gert þá truflar það mig ekki.*
- *Neikvæð of skaðar ósnortna náttíru svæðisins.*
- *Neikvæð.*
- *Neikvæð á upplifun.*
- *Neikvæð.*

## Áhrif á aðráttarafl svæðisins

Um 3/5 þeirra svarenda sem afstöðu töldu að gestir þeirra hefðu minni áhuga á að fara um svæðið ef af framkvæmdum verður í Grændal en 2/5 töldu að áhugi þeirra yrði meiri.

## 4.6 Framtíðarsýn

Að lokum var spurt hvaða framtíðarsýn í ferðaþjónustu viðkomandi hefðu fyrir svæðið fyrir ofan Hveragerði. Allir töldu þá framtíð bjarta, þar sem svæðið bjóði upp á fjölbreytilega möguleika til útvistar og afþreyingar. Sumir telja æskilegt að ráðast í miklar framkvæmdir til að draga að fólk (baðlón, hótel, golfvöll) meðan fleiri telja að það megi gera með minni kostnaði og litlu raski á náttúrunni. Margir eru sammála um að að svæðið þurfi að efla m.t.t. göngu-og baðferða

- *Það er hæfilega stutt frá Reykjavík til þess að geta verið spennandi möguleiki, t.d. fyrir hvatarferðir, móttökur fyrir ráðstefnugesti o.fl.*
- *Meiri kynning fjölgar ferðamönnum.*
- *Bæta þarf þjónustu, s.s. salernisaðstöðu og merkingar. Nýta betur baðaðstöðu á svæðinu með lítlu jarðraski.*
- *Setja upp skipulagðar og tímasettar gönguferðir um svæðið með leiðsögumanni svo skipuleggjendur annarra ferða geti stílað inn á þær í ferðum með farþega sína.*
- *Gera svæðið enn öflugara útvistarsvæði með áningarstöðum og fleiri merktum gönguleiðum.*
- *Petta er náttúrulegt og gott útvistarsvæði og á mikla möguleika fyrir sér sem slíkt.*
- *Vona að það megi vera ósnortið og að sem flestir ferðamenn geti notið þess.*
- *Hótelþorp á svæðinu, útvist og heilsustaður.*
- *Bæta aðgengi og efla sem útvistarsvæði.*
- *Möguleiki á lóni til að baða. Tjaldsvæði í Grændal. Möguleikar á að takmaka umferð.*
- *Parna gæti jólaveinnin átt heima allt árið.*
- *Ef borað verðu skapast svipaðir möguleikar og Bláa Lónið og aðrir einnig.*
- *Óspillt svæði og á að vera þannig.*
- *Skipuleggja leiðir, reiðstígar og gera fólk kleift að komast um riðandi eða gangandi.*
- *Ósnortið land sem tengist Hveragerði sem heilsubæ.*
- *Æskilegt að hvetja til gönguferða og útvistar á þessu svæði með merkingum gönguleiða, gerð korta og uppbryggingu náttúruperla. Vegur sem fellur vel að að landinu ætti ekki að vera til trafala í því sambandi né ein tilraunaborhola .*
- *Fyrsta flokks tjaldstæði og jafnvel hótel, skipulagðar ferðir t.d. fyrir göngufólk, ljósmyndaferðir, hestaferðir, heilsuferðir, heit böð til endurhæfingar - sbr. Bláa Lónið - nudd og fleira.*
- *Staðurinn er einstakur og býður upp á ótlejandi möguleikar fyrir þá sem vilja leggja ferðaþjónustu fyrir sig. Opna þarf fleiri meiri möguleika á að skoða fallega náttúru og sjá hvað hægt er að gera við þennan kraft sem býr í henni.*
- *Tel að svæðið komi til með að geta orðið enn vinsælla til útvistar í ósnortinni náttúru á komandi árum.*
- *Halda sem mest óspilltu umhverfi til að njóta náttúrunnar.*
- *Hestaferðir og gönguferðir. Þetta er „Heiðmörk“ Hveragerðis og nágrennis. Vantar kynningu á staðnum.*
- *Það þarf að veita upplýsingar um svæðið en að kappkosta að hafa það ósnert og ekki auka aðgengi að því með vegalagningu.*